

Furuás 30

Verkefni 3



Greining og hugmyndavinna

Ellisif M. Bjarnadóttir



Deiliskipulag

- Lóðin liggur í hliðum Ásfjalls í Hafnarfirði og er í miklum halla. Lóðarmörk á 3 hliðum og gangbraut (tengistígur) á NA hliðinni sem snýr að götunni.
- Bílastæði. Gert ráð fyrir 3 bílum. 1,5 m frá lóðarmörkum
- Útsýni: Útsýni er til norðurs yfir Hafnarfjarðarbæ og Faxaflóa. Þó betra og meira af 2.hæð. Austur og suður yfir nágrannabyggð. Í bakgrunni er Esjan í austri. Í Suður má sjá Búrfell og Helgafell.
- Stutt er í Ástjörn og náttúrulegt svæði, en svæðið þar um kring er friðlýst.
- Veður: Ríkjandi eru sunnan-, suðaustan og austanátt. NV-átt á björtum dögum að sumri.
- Vatnsveitulögn liggur frá inngangi húss og undir bílaplanið.



Vatnsveitulögn



Forsendur

Hjón með 3 börn. Aldur 4-14

Óskir eigenda

- Sólball úr timbri og geta verið í næði fyrir nágrönnum á pallinum.

Geta notið sólar á besta tíma dagsins.

- Bílastæði fyrir 3 bíla og 3 hjólastæði. Hafa bílastæði hellulagt.
- Aðkoma að húsi hellulögð.
- Sorptunnur stutt frá útidyrum.
- Leiksvæði með sandkassa og mögulega trampolíni.
- Gera ráð fyrir heitum potti sem gæti þá komið seinna.
- Gróðurval í garði. Viðhaldslítinn garð en fallegan gróður.
- Hægt verður að ganga hringinn í kring um húsið.

Gefnar forsendur


- Skjólveggurinn sem kemur milli lóðar 30 og Nr 32 skal vera úr timbri. Breidd veggins skiptist jafnt milli lóða.
- Steyptur veggur skal vera milli lóðar 30 og Nr 28. Breidd veggjar skiptist jafnt milli lóða.
- Grjóthleðsla úr náttúrugrjóti skal koma milli Furuás 30 og Hlíðarás 10 og 12. Breidd skiptist jafnt milli lóða.

Greining. Hvað er á staðnum!

- Lóðin er upphækkuð að hluta með 2faldri hæð af hleðslusteinum og komnar grasþökur frá miðju fyrir framan hús og meðfram húsinu upp að brekku.
- Á jarðhæð eru herbergi sem snúa að SA hliðinni. Þar er gluggi og hurð út í garð. Sama hæð og upphækkaða flötin.
- Búið að steypa veggstubb fyrir innan herbergisgluggann SA megin til að jafna mishæð.
- Lár steypur veggur milli lóða 30 og 28. Frá götu upp alla lóðina.
- Efst í lóð á milli 30 og 10 er brött brekka og komnar lyngþökur. Mikil klöpp liggur þarna undir.
- Efri hæð bakatil er með útihurð á SV hliðinni. Stutt í brekkuna.
- Á milli 30 og 32 er steypur veggur þvert yfir að lóðamörkum. Hann er mishár. Vantar tröppur niður. Lokað eins og er.
- Bílastæði þarf að vera fyrir 3 bíla. Kominn vísir að stæði fyrir framan bílskúr að lóðamörkum 32. Malarlag. Hellur við útidyr.
- Yfir bílskúrnum og forstofuhurð eru svalir af efri hæðinni.
- Mismunur frá götu eða lægsta punkt og upp í efsta punkt er 5,3 m.
- Hús með þússningu og hrátt útlit.



Neðri hæð



Efri hæð

Loftmynd af lóð og staðsetningar á greiningu



Mikill hæðarmunur er í lóð. Stór klöpp er fyrir aftan hús í brattri brekku. Komnar lyngpökur í brekkuna.




Útsýni, Búrfell og Helgafell



Steyptur veggur við herbergis-glugga
Gras á austurlóð



Steyptur veggur kominn á milli lóða, 30/28
Hleðslusteinn 2föld röð við gangbraut.




Steyptur veggur í brekku. Milli lóða 30/32



Bílastæði fyrir 3 bíla. Mól. Ruslaskýli f. 2 tunnur

Fallegt útsýni er í NA-átt yfir Hafnarfjarðarbæ og Faxaflóa



Hellur fyrir framan inngang

Haldið og sleppt

- Steypti vegggrunnurinn á milli lóða, 28/30 fær að standa. Smíða skjólvegg á hann úr timbri sem gránar með tímanum.
- Steypti veggur við SA hlið stendur. Stytti hann aðeins til að geta nýtt rýmið betur.
- Brekkuna bak við þarf að móta betur. Vil brjóta upp hallann með stöllum og syðst vil ég gera pall til að njóta útsýnisins. Þar sést fjallasýn í suður og yfir bæinn til norðurs.
- Lyngið í brekkunni og klöppin er fallegt og verður Conseptið eða litapallettan sem ég vil vinna eftir. Bleikt í blómum og grátt í steinum og timbri.
- Steypti veggurinn milli 30/32 þarf að fara. Vil gera aflíðandi brekku upp með gróðri og tröppum á víxl. Gráa mól á milli þrepa.
- Hleðslan við gangbraut er í samræmi við conceptið. Náttúruleg og gróf steinaáferð.
- Vil lækka flötina að hluta. Geta komið fyrir garðskála við útihurð í garðinn. Held upphækkun í úthringinn eins og upphækkun beð.
- Klæða húsið með láréttri klæðningu á efri hæð í ljósum lit. Dekkri lit, gráan á neðri hæð. Svargrátt þak. Glugga og hurðir í rústrauðum.



Mitt Concept

- Rýna í lyngið og fá bleika litinn úr beitilynginu og blóðberginu og gráa litinn úr mosanum og grjótinu.
- Grjót sem tenging við hraunið sem er allt í kring.
- Grátt. Steypa og hellur, með náttúrulegu útliti. Lyngið í brekkunni, bleikir tónar á móti gráum. Fallegt concept.



Ljósberi í sínu náttúrulega umhverfi.
Litapallettan sem ég vil horfa í. Bleikir
tónar. Dökkur og ljósgrár. Grágrænn

Hugmyndablað 1



Blómlítir



Tæki og viðbætur









Hugmyndablað 2



Gráir steinar og
tímbur sem gránar.
Grænn gróður með



Skissuvinna



Hönnun

